



Áfangalýsing ML áfangi 1

Titill:	Málfræði og orðaforði
Námsgrein:	Danska
Viðfangsefni:	Orðaforði, lesskilningur, málfræði, danskt samfélag
Skammstöfun:	DANS2MO05
Prep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í þessum áfanga er áhersla lögð á lestur og hlustun fjölbreyttra texta til að auka lesskilning og orðaforða. Nemendur vinna hlustunaræfingar í tengslum við lesna texta, kvikmyndir, samfélagsmiðla og þætti. Undirstöðuatriði danskrar málfræði eru rifjuð upp. Auk þess er lögð áhersla á hæfni- og leikniviðmið í málfræði fyrir framhaldsskóla. Mikil áhersla er lögð á að þjálfar nemendur í munnlegri tjáningu og hlustun. Sérstök áhersla er lögð á námstækni í tungumálanámi.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná leikni- og hæfnimarkmiðum áfangans• algengum framburðarreglum• dönsku þjóðlífi og fengið aukna innsýn í norræna menningu• notkun ýmissa hjálpargagna s.s. leiðréttingarforrita og annarra hjálpargagna sem nýtast við tungumálanám• þeim möguleikum sem felast í því að kunna og kannast við norrænt tungumál• danskri matarmenningu
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• lesa texta um almenn efni og einfalda bókmenntatexta• skilja samtöl um algeng málefni• tjá sig skriflega í samfelldu máli um sjálfan sig, umhverfi sitt, áhugamál og líf sitt almennt• beita grundvallaratriðum danskrar málfræði• tjá sig munnlega og skriflega um efni sem hann hefur heyrt um/hlustað á, lesið eða séð



	<ul style="list-style-type: none">• taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita eðlilegum málvenjum• nota ýmis hjálpargögn og eða heimildir
Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt• afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í náminu• tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum• takast á við flestar algengar aðstæður í almennum samskiptum• tjá sig um hugðarefni sín, munnlega og skriflega• skipuleggja nám og námsaðferðir við hæfi• þróa með sér aga og skipulögð vinnubrögð
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.